

Landmótun ehf
Óskar Örn Gunnarsson
Hamraborg 12 5h
200 Kópavogur

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
04. okt. 2011	
10.4.2	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. október 2011
Tilvísun: UST2011080003/ksj

**Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 – 2018.
Tillaga að deiliskipulagi fyrir Vestfjarðarveg innan Reykhólahrepps. Umsögn**

Vísað er til erindis Landmótunar er barst 13. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 -2018 og tillögu að deiliskipulagi fyrir Vestfjarðarveg innan Reykhólahrepps.

Gerð er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 -2018, þar sem Vegagerðin hefur óskað eftir að veglínu Vestfjarðarvegur innan Reykhólahrepps verði breytt. Breytingin innan Reykhólahrepps er frá Eiði í Vattarfirði að sveitarfélagamörkum Reykhólahrepps og Vesturbyggðar í Kjálkafirði.

Deiliskipulagstillagan er unnin samhliða breytingu á aðalskipulagi vegna vegagerðar við Vestfjarðarveg innan sveitarfélagamarka Reykhólahrepps.

Deiliskipulagsuppdrættirnir ná yfir fjögur eftirfarandi svæði í Reykhólahreppi: Mjóafjörð, Kirkjuból, Litlanes og Kjálkafjörð.

Skipulagsbreytingin markar stefnu um framkvæmd sem er matsskyld skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum

Markmið

Markmið tillögu að breyttu aðalskipulagi og deiliskipulagi frá Eiði í Vattarfirði að Kjálkafirði er að auka umferðaröryggi á svæðinu með öruggari og burðarmeiri vegi sem og fækkun einbreiðra brúa.

Framkvæmdasvæði

Framkvæmdasvæði innan Reykhólahrepps er frá Eiði í Vattarfirði að sveitarfélagamörkum Reykhólahrepps og Vesturbyggðar. Á því svæði er áætluð þverun Mjóafjarðar með 160 m langri brú og þverun Kjálkafjarðar með 115 m langri brú en sveitarfélagamörk Vesturbyggðar og Reykhólahrepps er um miðja brúna yfir Kjálkafjörð.

Ákvæði skipulagsreglugerðar

Ljóst er að áætluð vegframkvæmd í Reykhólahreppi mun raska fjörum á samtals 600metra svæði, og liggja yfir vikur beggja vegna Litlaness. Umhverfisstofnun bendir á í gr. 4.15.2 Vötn, ár og sjór í skipulagsáætlunum kemur fram að: „*Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.*”

Náttúruminjar

Áætlað framkvæmdasvæði í Kjálkafirði er, eins og fram kemur í aðalskipulagstillögu og deiliskipulagstillögu, á svæði á náttúruminjaskrá, **Kjálkaffjörður, Kerlingaffjörður og Skálmanes**, einnig er svæðið innan verndarsvæðis Breiðafjarðar, en svæðið er verndað með lögum nr. 54/1995.

Tengsl við aðrar áætlanir

Í umfjöllun um tengsl tillögu að aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 - 2018 við aðrar áætlanir, kemur fram að breyta þurfi texta í greinargerð aðalskipulagsins og þar segir: „*Breyta þarf texta í greinargerð aðalskipulagsins, kafla 2.5.1 um vegi og 2.3.7 um efnistökusvæði þar sem færa þarf nýjar námur inn á sveitarfélagsupprátt og gera grein fyrir þeim í greinargerð.*“ Umhverfisstofnun bendir á ósamræmi í texta umhverfisskýrslu aðalskipulagstillögunnar, þar sem að í inngangi bls. 4 segir: „*Ekki þarf að opna nýjar námur vegna vegagerðarinnar þar sem talið er að efni sem fæst úr skeringum muni duga til framkvæmdarinnar.*” Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að koma fram hvaða nýju námur það eru sem færa þarf inn á sveitarfélagsupprátt.

Landslag og sjónræn áhrif

Í kafla um áhrif á landslag og sjónræn áhrif í aðalskipulagstillögunni, er farið yfir landslag í Kerlingarfirði, og landslagi Mjóafjarðar lýst. Síðan er fjallað um Litlanes sem er milli Kerlingarfjarðar og Kjálkafjarðar. Einnig kemur fram að endurbættur vegur fylgir að mestu núverandi vegi og að víkja hafi þurft frá veglínunni við eyðibýlið Litlanes vegna umtalsverðra minja sem liggja við vegstæðið. Umhverfisstofnun vill koma því á framfæri að í mati á umhverfisáhrifum voru 2 veglínur skoðaðar sem kostir, þ.e. gul veglína A og rauð veglína B. Gula veglínan A mun liggja utarlega á nesinu og raska fjörum báðum megin við Litlanes og þar með vikum beggja vegna nessins, en það er veglínan sem Vegagerðin mælir með og er inni á aðalskipulagsbreytingunni. Í frummatsskýrslu koma fram að rauð veglína B myndi liggja ofar í landi og raska þar klettabelti og hafa mikil og neikvæð áhrif á landslag. Eins og fram kemur í umsögn stofnunarinnar um tillögu að matsáætlun ofangreindrar vegagerðar, telur Umhverfisstofnun hvorugan kostinn góðan. Umhverfisstofnun ítrekar þá skoðun sína, að miðað við hönnunarforsendur (90 km/klst.) Vegagerðarinnar virðist ekki unnt að koma mannvirki af þessari stærð fyrir á Litlanesi. Umhverfisstofnun minnir á að ekki er óþekkt hérlendis að fallið sé frá ítrustu kröfum um hönnunarhraða við vegagerð þar sem landfræðilegar aðstæður eru sérstaklega erfiðar. Með því að falla frá kröfum um 90 km/klst. hönnunarhraða þegar farið er fyrir Litlanes væri mögulegt að fá fram veglínu sem myndi falla betur að þeim aðstæðum sem eru fyrir hendi á nesinu, og þar með draga úr neikvæðum áhrifum vegagerðarinnar á landslag annars vegar og fjörur hins vegar á Litlanesi. Í þessu

sambandi mætti benda á núverandi veg um Vattarnes þar sem hraði í beygjunni er lækkaður umtalsvert.

Jarðfræði og jarðmyndanir

Umhverfisstofnun tekur undir þar sem segir í umhverfisskýrslu aðalskipulagstillögunnar að framkvæmdirnar muni hafa bein neikvæð áhrif á jarðmyndanir, því þeim verður raskað með vegagerð og efnistöku. Neikvæð áhrif verða við þveranir, en að mati Umhverfisstofnunar hefði vegagerð inn Mjóafjörð og inn þrönga hluta Kjálkafjarðar ekki síður raskað náttúruminum. Vegagerð um Litlanes mun hafa veruleg áhrif á fjörur og leirur kringum Litlanes enda mun veglagning raska fjörum samtals á 600 metra kafla. Umhverfisstofnun bendir á að sjávarfítjar og leirur njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd 44/1999, og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.

Áhrif á gróðurfar

Birkigróður er ríkjandi gróðurlendi í fjörðunum og ljóst að það mun skerðast með fyrirhuguðum veg framkvæmdum.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að ráðgert er að endurheimta jafn stórt skóglendi og raskast af völdum framkvæmdarinnar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áætlun um endurheimt birkiskóga verði í samráði við hlutaðeigandi aðila og stofnunin bendir einnig á að mikilvægt er að nýttur verði svæðisgróður í endurheimtina og að fyrri landgæði náist fram.

Fuglar

Umhverfisstofnun tekur undir að ofangreindar framkvæmdir hafa veruleg neikvæð áhrif á fuglalíf. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er mikilvægt fyrir fugla. Það hefur alþjóðlegt gildi fyrir votlendisfugla samkvæmt Ramsarsamningi, og á því eiga umferðafuglar viðdvöl bæði vor og haust. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að gætt sé að því að tekið verði tillit til varptíma fugla við framkvæmdir sérstaklega í grennd við arnarsetur. Umhverfisstofnun bendir á að óheimilt er frá 15. mars til 15. ágúst að koma nær arnahreiðrum en 500 metra nema brýna nauðsyn beri til, skv. 19. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfismat

Í niðurstöðu mats er farið yfir áhrif skipulagsbreytingarinnar á einstaka umhverfisþætti.

Umhverfisstofnun tekur undir að sjónræn áhrif verða með mannvirkjagerð vegna þverunar Mjóafjarðar og Kjálkafjarðar. Einnig kemur fram í niðurstöðunni að: „*Ennfremur eru staðbundin neikvæð áhrif á gróðurfar og jarðmyndanir þ.e. leirur og fjörur.*”

Umhverfisstofnun bendir á að í töflu í lok umfjöllunarinnar er vægi áhrifa á gróður metin neikvæð en vægi áhrifa á jarðfræði og jarðmyndanir eru metin óveruleg. Að mati Umhverfisstofnunar er þarna ósamræmi milli texta og töflu, enda eru neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar á leirur og fjörur þar sem veglína um Litlanes fyllir vikur beggja vegna nessins og einnig hafa fyllingar við brýr áhrif á leirur og fjörur.

Litlanes

Veglína og áningastaður

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við það að áhrif á jarðmyndanir, leirur og fjörur eru taldar óverulegar þegar ljóst er að framkvæmdir vegna ofangreindrar vegagerðar munu skerða leirur og fjörur á 600 m kafla innan deiliskipulagssvæðisins. Eins og fram kemur í umsögn stofnunarinnar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 -2018 hefði stofnunin viljað sjá veglínu þar sem hönnunarhraði væri aðeins lægri en 90km, og þar sem vegur færi hvorki um fjörur né raskaði kletta á Litlanesi.

Frágangur

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um frágang í tillögu að deiliskipulagi Vestfjarðarveggar innan Reykhólahrepps.

Niðurstaða

Ofangreind tillaga að breyttu aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 – 2018 og tillaga að deiliskipulagi Vestfjarðarveggar innan Reykhólahrepps, er varðar veglagningu frá Eiði í Vattarfirði að sveitarfélagsmörkum Reykhólahrepps við Vesturbyggð í miðjum Kjálkafirði, er að mestu leyti endurbygging á vegstæði núverandi vegar. Þó er farið út fyrir núverandi vegstæði við Eiði, á leiðinni kringum Litlanes og síðan eru þveranir í minni Mjóafjarðar og þverun um miðjan Kjálkafjörð. Að mati Umhverfisstofnunar eru Mjóifjörður og innsti hluti Kjálkafjarðar það þröngir firðir að þveranir munu valda minni umhverfisáhrifum en ef vegur væri lagður inn þessa firði. Umhverfisstofnun telur að raskanir á fjöru vegna fyrirhugaðrar veglagningar um Litlanes verði miklar og hafi neikvæð sjónræn áhrif.

Ofangreind framkvæmd mun hafa neikvæð áhrif á fuglalíf og gróður ásamt vistkerfum er falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, sem njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er, og neikvæð áhrif á verndarsvæði Breiðafjarðar. Umhverfisstofnun bendir á að í 6. gr. laga um verndun Breiðarfjarðar segir að: "Í skipulagsáætlunum beri að taka tillit til verndaráætlunar Breiðafjarðar, ásamt því að leita umsagnar Breiðafjarðarnefndar við gerð skipulagsáætlana. Miðað við áætlanir sem fram koma í skýrslunni verður hægt að endurheimta búsvæði og rækta upp birki í stað þess sem raskast vegna framkvæmdarinnar. Að mati Umhverfisstofnunar verður þó að fara varlega í grennd við arnarsetur í Kjálkafirði og standa þannig að verki að ekki verði farið nálægt mest nýttu varpstað arna í firðinum.

Umhverfisstofnun telur að draga eigi úr umfangi fyrirhugaðra mannvirkja í því skyni að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á framkvæmdasvæðinu og þar með auka möguleika á að fella vegina betur að landi sbr. 35. gr. laga um náttúruvernd. Að mati stofnunarinnar eru til fjöldi dæma um lækun hraða við sérstakar aðstæður t.d. í Kömbunum.

Að öðru leyti en að ofan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við tillögu að breyttu aðalskipulagi Reykhólahrepps og tillögu að deiliskipulagi Vestfjarðarvegs innan Reykhólahrepps.

Virðingarfyllt

A. Björg B. Guttormsdóttir
Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir

Skipulagsstofnun